Borgarstjórn

Reykjavík, 26. október 2026

Málsnúmer: MSS26100110

Viðmið og fækkun stöðugilda í miðlægri starfsemi á fag- og kjarnasviðum og á skrifstofum í Ráðhúsi vegna hagræðingar í rekstri

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fækka stöðugildum í miðlægri stjórnsýslu í Ráðhúsi og í stjórnsýslu og miðlægri þjónustu fag- og kjarnasviða vegna hagræðingar í rekstri. Fækkun stöðugilda miðast við að hlutfall stöðugilda Reykjavíkurborgar í miðlægri starfsemi fag- og kjarnasviða og á skrifstofum í Ráðhúsi verði ekki hærra en 7,5% af heildarstöðugildum borgarinnar í stað 8,4% eins og þau voru í júní 2026, eða sem nemur hagræðingu að fjárhæð kr. 1,3 ma.kr. Borgarstjórn felur sviðsstjórum og öðrum stjórnendum að útfæra og framkvæma fækkun stöðugilda samkvæmt viðmiðinu til að ná tilvitnaðri kröfu um hagræðingu í rekstri. Aðgerðirnar ná til mannauðs- og starfsumhverfissviðs, fjármála- og áhættustýringarsviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og íþróttasviðs auk skrifstofu borgarlögmanns og skrifstofu borgarstjórnar.

Greinargerð

Í meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins eru settar fram skýrar áherslur sem snúa að einfaldara, skilvirkara og hagkvæmara stjórnkerfi, m.a. með fækkun millistjórnenda og að draga úr yfirbyggingu. Áhersla er á þjónustumiðað stjórnkerfi þar sem árangur, mælingar og kostnaðareftirlit er tryggt. Með hliðsjón af þessum áherslum hefur verið rýnt í fjölda stöðugilda í miðlægri starfsemi Reykjavíkurborgar. Voru þau í júní 2026 metin um 8,4% af heildarstöðugildum borgarinnar.

Tillagan um lækkun hlutfalls stöðugilda í að hámarki 7,5% af heildarstöðugildum borgarinnar í miðlægri starfsemi á fag- og kjarnasviðum og á skrifstofum í Ráðhúsi kemur til viðbótar við 2,5% hagræðingarkröfu sem fólst í úthlutun fjárheimilda vegna fjárhagsáætlunar 2027, og er í samræmi við markmið stýrihóps um hagræðingu og innleiðingu breytinga hjá Reykjavíkurborg, sem eru að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur.

Tillagan byggir á eftirfarandi meginforsendum:

- Lögbundin verkefni og grunnþjónusta skuli njóta forgangs.
- Nýta skuli tækifæri sem felast í stafrænni umbreytingu og einföldun verklags.
- Draga skuli úr tvíverknaði og óþarfa yfirbyggingu.

Reykjavík

Heildaráhrif tillagna stýrihóps um hagræðingar og stjórnkerfisbreytingar í borgarkerfinu eftir að nýr meirihluti borgarstjórnar tók við er fækkun um samtals 130 stöðugildi í A-hluta borgarsjóðs sem hefur áhrif til lækkunar launaútgjalda um 2,3 ma.kr. á ársgrundvelli. Hér er átt við í fyrsta lagi hagræðingartillögur sem samþykktar voru í borgarráði 25. júní sl. vegna skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Í öðru lagi hagræðingartillögur sem samþykktar voru í borgarráði 25. ágúst sl. vegna skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og í þriðja lagi framangreind hagræðingartillaga.

Áskoranir í rekstri

Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir þeirri áskorun að tryggja áfram öfluga þjónustu við borgarbúa samhliða því að treysta fjárhagslegan grundvöll borgarinnar. Neikvæð niðurstaða hefur verið af rekstri A-hluta Reykjavíkurborgar allt frá árinu 2020 ef frá er talin jákvæð afkoma af rekstri ársins 2024. Nam halli af rekstri A-hluta árið 2025 um 5,3 milljörðum króna. Þá var niðurstaða rekstrar á fyrstu sex mánuðum ársins 2026 neikvæð um 3,2 milljarða króna og námu frávik frá áætlun tímabilsins 3,6 milljörðum króna.

Þrátt fyrir að mælikvarðar samkvæmt fjármálastefnu A-hluta hafi sýnt hægfara bata á síðustu fjórum árum er árangur undir væntingum sem kallar á aðgerðir til hagræðingar. Markmiðið er að koma rekstri A-hluta í jafnvægi til lengri tíma litið og kennitölum á ásættanlegan stað til að stuðla að sjálfbærni í rekstri og að borgarsjóður hafi getu til að standa undir skuldum og skuldbindingum á hverjum tíma án þess að gengið sé á eignir eða þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur.

Stýrihópur um hagræðingu og innleiðingu breytinga hefur skilgreint stöðugildi í miðlægri starfsemi sem stjórnendastörf og/eða störf sem ekki veita borgarbúum daglega þjónustu á vettvangi, en sinna sem dæmi bakvinnslu, innri stoðþjónustu, stuðningi eða ráðgjöf við ákvarðanatöku stjórnenda. Afmörkunin byggir á því hvaða hlutverki stöðugildið (starfið) gegnir gagnvart borgarbúum.

- Innan afmörkunar eru stöðugildi í miðlægri starfsemi fag- og kjarnasviða og á skrifstofum í Ráðhúsi.
- Utan afmörkunar eru stöðugildi í beinni þjónustu við íbúa.

Stýrihópurinn fól sviðsstjórum og stjórnendum miðlægra skrifstofa að leita leiða og gera tillögur um aðgerðir til að ná heildstæðu markmiði um að hámarki 7,5% hlutfall stöðugilda í miðlægri stjórnsýslu og á fag- og kjarnasviðum eða um hagræðingu sem nemur að fjárhæð kr. 1,3 ma.kr. Sett voru eftirfarandi skilyrði:

- Breytingarnar eiga ekki að hafa áhrif á þjónustu við borgarbúa, enda er grunnlínan miðuð við hlutverk í stjórnun og innri þjónustu.
- Breytingarnar eiga ekki heldur að hafa áhrif á tekjuskapandi hlutverk, í þeim skilningi að hlutverkið afli tekna frá þriðja aðila, ekki innri tekjur.
- Sérstaklega var beðið um að tækifæri sem hafa skapast við innleiðingu stafrænna lausna verði nýtt.

Miðað við þessar forsendur komu fram tillögur um fækkun sem nemur um 56,5 stöðugildum til viðbótar við þá hagræðingarkröfu sem var þegar fram komin við úthlutun ramma sem nemur 17,3 stöðugildum og heildarfækkun stöðugilda þar með 73,8. Fjárhagsleg áhrif þeirra eru um 1,3 ma.kr. á ársgrundvelli, eða um 1 ma.kr. umfram það sem stjórnendur hafa áður lagt til í fjárhagsramma fyrir árið 2027. Þær breytingar sem afgreiddar voru á skóla- og frístundasviði, velferðarsviði og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í sumar leiddu til fækkunar um 58,3 stöðugilda sem falla undir skilgreiningu viðmiðsins, eða um 1 ma.kr. á ársgrundvelli.

Er það mat stýrihópsins að æskilegt sé að setja fram skýrt viðmið um að stöðugildi í miðlægri starfsemi fag- og kjarnasviða og á skrifstofum í Ráðhúsi skuli ekki vera fleiri en sem nemur 7,5% af heildarstöðugildum borgarinnar. Tilgangur viðmiðsins er að við gerð fjárhagsáætlunar, og við afgreiðslu ársuppgjörs, sé lagt mat á stöðuna og ekki fjölgað miðlægum stöðugildum hlutfallslega nema með rökstuddri ákvörðun borgarráðs.

Áhrif af aðgerðum sem eru umfram það sem þegar hefur verið lagt fram í tillögu að ramma fyrir viðkomandi svið og skrifstofur verða metin og afgreidd við samþykkt borgarstjórnar á fjárhagsáætlun ársins 2027.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt: Jafnréttisskimun dags. 26.10.2026

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimunar:
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	23. október 2026.
Svið:	Mannauðs- og starfsumhverfissvið, fjármála- og áhættustýringarsvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið, umhverfis- og skipulagssvið, menningar- og íþróttasvið, skrifstofa borgarlögmanns og skrifstofa borgarstjórnar.
Unnið af:	Þorsteini Gunnarssyni borgarritara.
Verkefni/tillaga:	Breytt viðmið og fækkun stöðugilda í miðlægri starfsemi á fag- og kjarnasviðum og á skrifstofum í Ráðhúsi vegna hagræðingar í rekstri.
Þjónustuþáttur:	Miðlæg stjórnsýsla í Ráðhúsi og stjórnsýsla og miðlæg þjónusta fag- og kjarnasviða.
Stofnun/kostn.st.:	Varðar fjölda kostnaðarstaða hjá hlutaðeigandi sviðum/skrifstofum.
Fjárhæð:	Fjárhæð hagræðingar er 1,3 ma.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Lagt er til að borgarstjórn samþykki viðmið um fækkun stöðugilda í miðlægri starfsemi á fag- og kjarnasviðum og á skrifstofum í Ráðhúsi vegna hagræðingar í rekstri. Fækkun stöðugilda miðast við að hlutfall stöðugilda Reykjavíkurborgar í miðlægri starfsemi fag- og kjarnasviða og á skrifstofum í Ráðhúsi verði ekki hærra en 7,5% af heildarstöðugildum borgarinnar í stað 8,4% eins og þau voru í júní 2026, eða sem nemur hagræðingu að fjárhæð kr. 1,3 ma.kr. Sjá meðfylgjandi tillögu.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Um er að ræða víðtæka hagræðingu í rekstri á fimm sviðum og tveimur miðlægum skrifstofum sem hefur ekki áhrif á gildandi stefnur borgarinnar.
Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.
Aðgerðirnar ná til mannauðs- og starfsumhverfissviðs, fjármála- og áhættustýringarsviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og íþróttasviðs auk skrifstofu borgarlögmanns og skrifstofu borgarstjórnar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.
Með hagræðingaraðgerðunum er fækkað um alls 73,8 stöðugildi. Alls er 50 starfsmönnum sagt upp störfum en ástæðan fyrir mismuninum á milli fækkunar stöðugilda og fjölda uppsagna er einkum að sviðin eru að nýta starfsmannaveltu, tímabundnar ráðningar og ekki að ráða í laus störf. Um er að ræða uppsagnir sjö starfsmanna á menningar- og íþróttasviði sem tveir karlar og fimm konur hafa sinnt. Á fjármála- og áhættustýringarsviði eru átta uppsagnir sem þrír karlar og fimm konur hafa sinnt. Á mannauðs- starfsumhverfissviði er þremur starfsmönnum sagt upp, allt konum. Á þjónustu- og nýsköpunarsviði er 19 starfsmönnum sagt upp, 10 körlum og níu konum. Á umhverfis- og skipulagssviði eru 10 uppsagnir, þriggja karla og sjö kvenna. Á skrifstofu borgarstjórnar er ein uppsögn og á skrifstofu borgarlögmanns tvær og þar sagt upp samtals tveimur konum en einum karlmanni.

Alls missa 19 karlar og 31 kona starf sitt, þar af eru sex starfsmenn 60 ára og eldri en 44 starfsmenn 59 ára og yngri. Enginn fatlaður starfsmaður missir starf sitt en einn starfsmaður af erlendum uppruna.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]
Nei.

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.